



Fjölbrautaskóli Vesturlands



Sjálfsmatsskýrsla 2018

[Type here]

Efnisyfirlit

Lýsing á starfsemi skólans	3
Námskrá og mat á skólastarfi	5
Tölulegar upplýsingar	6
Stoðþjónusta	10
Innra mat	11
Verk- og framkvæmdaáætlun 2017 til 2020	11
Kennslukönnun.....	12
Nemendakönnun.....	15
Mat á húsnæði skólans.....	18
Úttekt á námsáætlunum og einkunnareglum	19
Starfsmannasamtöl	20
Umbótaáætlunir	21

Lýsing á starfsemi skólans

Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi (FVA) starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008*. Í lögnum segir m.a.:

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

FVA er á margan hátt dæmigerður fyrir íslenska framhaldsskóla sem starfa utan Reykjavíkursvæðisins. Hann er með um það bil 550 nemendur og um það bil 70 starfsmenn. Líkt og flestir fjölbrautaskólar úti á landi tekur hann við mjög breiðum hópi nemenda og leitast við að þjóna þörfum allra íbúa á svæðinu, bæði unglinga og fullorðinna, fyrir menntun á framhaldsskólastigi. Fyrir vikið er nemendahópurinn sundurleitur og námsframboð breitt.

Við skólann eru:

- Bóknámsbrautir sem leiða til stúdentsprófs.
- Verknámsbrautir í tré-, málm- og rafiðngreinum.
- Samningsbundið iðnnám.
- Framhaldsskólabraut.
- Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur.
- Annað nám (svo sem sjúkraliðabraut og nám til iðnmeistaraprófs þegar þátttaka fæst).

Skólinn starfar eftir áfangakerfi sem þýðir meðal annars að nemendur skiptast ekki í bekki heldur fær hver og einn sína einstaklingsstundaskrá í upphafi hverrar annar.

Við skólann eru þrír stjórnendur sem bera ábyrgð á kennslu og skipulagningu hennar. Þeir eru skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri. Til viðbótar eru sex kennarar í hlutastarfi við faglega stjórnun. Þeir kallast deildarstjórar og hafa umsjón með samráði og samvinnu kennara sem kenna svipaðar námsgreinar. Námsgreinarnar skiptast með þessum hætti á deildarstjórana:

- Íslenska, saga, samfélagsgreinar og íþróttir
- Iðn- og verknám
- Raungreinar og heilbrigðisgreinar
- Starfsbrautaráfangar
- Stærðfræði, viðskipta- og tölvugreinar
- Tungumál

Markmið og stefna Fjölbrautaskóla Vesturlands eru skilgreind í fyrsta kafla fyrsta hluta skólanámskrár sem liggur frammi á vef skólans (<http://www.fva.is>).

Stefna FVA er þrjúþætt:

1. Veita öllum nemendum sínum góða menntun sem felur í sér þekkingu, leikni og hæfni í einstökum greinum, víðsýni og gagnrýna hugsun, ábyrgð og sanngirni, vandvirkni og góð vinnubrögð.
2. Vera umhyggjusamur um velferð nemenda sinna og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.
3. Bera virðingu fyrir hverjum einstaklingi og koma fram við alla í anda jafnréttis og lýðræðis.

Taka má mið af niðurstöðum Skólapúlsins, nemenda- og kennslukönnunum þegar skoðað er hvernig skólinn nær að framfylgja gefinni stefnu og markmiðum sínum.

Samkvæmt Skólapúlsinum á haustönn 2016 er líðan nemenda FVA almennt betri en nemenda annarra framhaldsskóla sem tóku þátt í könnuninni. Tölfræðilega marktækur munur er þó á upplifun nemenda FVA á stuðningi kennara við þá. Nemendur FVA meta stuðninginn minni en nemendur viðmiðunarskóla. Viðhorf og hollusta nemenda FVA gagnvart skólanum mælist einnig minni en viðmiðunarskóla. Skuldbinding nemenda er varðar mætingu mælist þó betri en í viðmiðunarskólunum.

Námskrá og mat á skólastarfi

Námskrá¹ FVA er á rafrænu formi. Í skólanámskrá koma fram upplýsingar um meginmarkmið skólans.

Kaflarnir skiptast í:

- Stefna skólans
- Áætlanir
- Námsbrautir og áfangar
- Inntökuskilyrði og námsframvinda
- Námsmat og próf
- Mat á námi og reynslu
- Samskipti og skólareglur
- Siðareglur
- Meðferð upplýsinga
- Samstarf
- Þjónusta og starfsfólk
- Skóladagatal
- Viðaukar

Rafræn birting tryggir auðvelt aðgengi að innihaldi skólanámskrár sem verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

¹ Skólanámskrá: <http://fva.is/index.php/skolanamskra>

Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2017 voru nemendur FVA 552 í upphafi annar, þar af luku 537 prófum. Á vorönn 2018 voru nemendur 482 í upphafi annar. Skiptingu nemenda eftir kyni, árgöngum og brautum má sjá í töflum hér fyrir neðan.

Eftir kyni				
	Haustönn 2017		Vorönn 2018	
KK	331	56%	256	53%
KVK	241	44%	225	47%

Eftir árgöngum				
	Haustönn 2017		Vorönn 2018	
92 og fyrr	111	20%	88	18%
93	11	2%	15	3%
94	5	1%	1	
95	6	1%	2	
96	15	3%	13	3%
97	19	3%	13	3%
98	64	12%	39	8%
99	102	18%	100	21%
00	101	18%	95	20%
01	118	21%	116	24%

Nemendur eftir pósthúsnúmerum				
	Haustönn 2017		Vorönn 2018	
101-270	29	5%	22	5%
300	385	70%	340	71%
301	32	6%	24	5%
310-311	38	7%	29	6%
320-356	16	3%	14	3%
370-380	12	2%	13	3%
400+	40	7%	40	8%

Nemendur eftir brautum				
	Haustönn 2017		Vorönn 2018	
BB	27	5%	24	5%
FÉ	1		1	
FÉ ST4	1			
FÉL	82	15%	69	14%
GBM	4	1%	3	1%
GR	26	5%	23	5%
HS8	3	1%	2	
HÚ8	22	4%	15	3%
HÚS	21	4%	19	4%
MAH	17	3%		
MB	3	1%	2	
MG	44	8%	27	6%
NÁ	3	1%		
NÁT	109	20%	94	20%
OS	74	13%	74	15%
ÓTN	1		3	
RK8	23	4%	16	3%
RK9	1		3	1%
SJ	15	3%	1	
SJÚ	26	5%	45	9%
ST4	19	3%	17	4%
VS8	25	5%	35	7%
VSS	5	1%	9	2%

Brottfall

Brottfall á skólaárinu 2017-18 var að meðaltali 3,25%; 4,5% á haustönn og 2% á vorönn. Skipting nemenda sem hættu í námi má sjá í töflum hér fyrir neðan eftir aldri og kynjum.

Eftir kyni				
	Haustönn 2017		Vorönn 2018	
Konur	7	50%	0	
Karlar	7	50%	0	

Eftir fæðingarári				
	Haustönn 2017		Vorönn 2018	
2000-2001	4	29%	0	
97-98	3	21%	0	
93 og eldri	7	50%	0	

Skipting nemenda sem hættu í stökum áföngum má sjá í töflum hér fyrir neðan eftir aldri og kynjum.

Eftir kyni				
	Haustönn 2017		Vorönn 2018	
Konur	16	30%	30	73%
Karlar	39	70%	11	27%

Eftir fæðingarári				
	Haustönn 2017		Vorönn 2018	
2000-2001	15	27%	10	24%
1996-1999	30	55%	25	61%
Eldri	10	18%	6	15%

Meðaleinkunn nemenda á haustönn 2017 var 6,8% og fallprósentan 15%; á vorönn 2017 var meðaleinkunnin 6,9 og fallprósentan 14,7%.

Skólasóknareinkunn nemenda á skólaárinu 2017-18 var samkvæmt töflu hér fyrir neðan.

Einkunn	Haustönn 2017	Vorönn 2018
10	16%	16%
9	8%	6%
8	12%	8%
7	32%	38%
6	4%	4%
5	3%	3%
4	2%	3%
3	2%	2%
2	1%	2%
1	14%	12%
U	5%	5%

Stoðþjónusta

Á skólaárinu 2017 - 2018 störfuðu tveir náms- og starfsráðgjafar, þar af annar einnig skólafélagsráðgjafi, við skólann í 125% starfshlutfalli.

Einnig starfaði skólahjúkrunarfræðingur við skólann í 25% stöðuhlutfalli. Auk þess hefur skólinn aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir nemendur í skólanum í samstarfi við Akraneskaupstað. Forvarnafulltrúi er einnig starfandi við skólann.

Innra mat

Innra mat FVA er í höndum aðstoðarskólameistara og verkefnastjóra innra mats sem kemur úr hópi kennara.

Verk- og framkvæmdaáætlun 2017 til 2020

	Haustönn 2016
Vorönn 2017 Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Nemendakönnun Foreldrakönnun Útskrifaðir nemendur	Haustönn 2017 Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum
Vorönn 2018 Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Nemendakönnun	Haustönn 2018 Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Skólapúlsinn Rýnihópur deilda
Vorönn 2019 Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Nemendakönnun Foreldrakönnun Útskrifaðir nemendur	Haustönn 2019 Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum
Vorönn 2020 Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Nemendakönnun	Haustönn 2020 Kennslukönnun Samantekt á lykiltölum Skólapúlsinn Rýnihópur deilda

Kennslukönnun

Haustið 2017 hófst vinna við endurskipulagningu innra mats við skólann. Eitt af fyrstu verkum þeirrar endurskipulagningar var að endurvinna kennslukönnun sem hafði verið lögð fyrir nemendum skólans. Stærsta breytingin var sú, að í stað þess að könnunin sé lögð fyrir óreglulega fyrir hluta nemenda, þá var tekin ákvörðun um að leggja hana fyrir á hverri önn fyrir alla nemendum skólans. Þetta er gert til þess að auka réttmæti kannananna, auðvelda samanburð á milli ára og svo hægt sé að fylgjast betur með þróun kennslu innan skólans. Til að koma til móts við aukna tíðni kannana sem nemendur þurfa að svara, þá var gerð ný könnun sem var unnin upp úr eldri könnun með það að markmiði að stytta könnunina og gera hana hnitmiðaðri.

Í nýju kennslukönnuninni var spurt um eftirfarandi atriði: Samskipti nemenda við kennara, tækifæri nemenda til að tjá sig og koma sínum sjónarmiðum á framfæri, virkni nemenda í kennslustundum, hvort kennari hvetji nemendur til að gera sitt besta, hvort kennari hvetji nemendur til að hugsa á gagnrýninn hátt, hvort kennari sé vel undirbúinn í kennslu, stundvísi kennara, hvort kennari noti fjölbreyttar kennsluaðferðir, hvort kennari hvetji til sjálfstæðra vinnubragða, hvort nemendur fái leiðbeinandi mat um stöðu sína í tilteknum áfanga, hvort kennari bendi nemendum á hvernig þeir geti bætt sig í tilteknum áfanga, skipulagningu og tímastjórnun kennara, hvort kennari útskýri námsefni vel, tækifæri nemenda til að vinna með öðrum nemendum, hvort kennari veiti spurningum nemenda athygli og bregðist við þeim og vinnuanda í kennslustundum.

Kennslukönnun haust 2017

Könnunin var lögð fyrir alla nemendur skólans að undanskildum nemendum starfsbrautar skólans. Hver nemandi svaraði könnuninni fyrir hvern og einn áfanga sem hann var í þegar könnunin var lögð fyrir. Svarhlutfall könnunarinnar var 57,1%. Niðurstöður kennslukönnunarinnar haustið 2018 voru almennt mjög jákvæðar, í flestum atriðum voru yfir 80% nemenda mjög jákvæðir eða frekar jákvæðir í afstöðu sinni. Í sjö atriðum voru undir 80% nemenda mjög eða frekar jákvæðir í afstöðu sinni; kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum (78%), kennarinn notar kennsluaðferðir sem hvetja mig til sjálfstæðra vinnubragða (73%), kennarinn hvetur mig til að hugsa á gagnrýninni hátt (71%), kennarinn notar fjölbreyttar kennsluaðferðir (68%), ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga (66%), kennarinn bendir mér á hvernig ég get bætt mig í áfanganum (64%). Niðurstöður könnunarinnar voru síðan ræddar á fundi meðal kennara, þar sem kennarar lögðu fram tillögur um hvernig hægt væri að bæta fyrrnefnd atriði.

Kennslukönnun vor 2018

Kennslukönnunin sem var lögð fyrir vorið 2018 var með nákvæmlega sama sniði og sú sem var lögð fyrir haustið og lögð fyrir eftir sömu úrtaksviðmiðum. Svarhlutfallið var 47%, sem er nokkuð lægra en um haustið. Niðurstöður könnunarinnar voru að miklu leyti þær sömu og um haustið. Yfir 80% nemenda voru frekar eða mjög ánægðir í sömu atriðum og í fyrri könnun. Lítillegar breytingar urðu á þeim atriðum sem voru undir 80%: „Kennarinn hvetur mig til að hugsa á gagnrýninn hátt“ fór úr 71% í 74%, „Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluaðferðir“ fór úr 68% í 67% og „Kennarinn notar

kennsluaðferðir sem hvetja mig til sjálfstæðra vinnubragða“ hækkaði úr 73% í 75%. Önnur atriði sem voru talin upp í málsgreininni hér á undan hækkuðu um 1%.

Viðbrögð við niðurstöðum

Markmið með fyrirlögn kennslukönnunar er fyrst og fremst að leggja mat á gæði kennslu út frá sjónarhóli nemenda. Skólameistari ber ábyrgð á að niðurstöðum kennslukönnunar sé fylgt eftir. Slík eftirfylgni getur átt sér stað með ýmsu móti. Niðurstöður kennslukönnunar geta gefið kennurum ágætar vísbindingar um gæði áfanga og það sem betur mætti fara í kennsluháttum. Viðtöl við kennara benda til þess að vel flestir nýti niðurstöður kennslukannana og reyni að bregðast við ábendingum nemenda eftir bestu getu.

Strax eftir að könnun lýkur fá kennarar samantekt fyrir alla hópa auk þess sem þeir sjá niðurstöður sinna hópa í Innu.

Niðurstöður kennslukannana eru ræddar við kennara í starfsmannasamtölum auk þess sem farið er yfir samantektir á kennarafundi og rætt innan hópsins hvernig bæta má það sem betur mætti fara. Eftirfarandi spurningar komu ekki nægilega vel út og voru teknar í hópavinnu kennara, hér fyrir neðan má sjá niðurstöður úr þeirri vinnu.

Kennarinn hvetur mig til að hugsa á gagnrýninn hátt

Opnar spurningar – umræður um verkefni
Leyfa nemendum að tjá sig meira um verkefni
Meira af hópverkefnum
Meiri samvinnu
Meira lýðræði
Tengja námið við þeirra veruleika
Hvetja til rökstuðning og umræðna
Kenna hugtök sem tengjast gagnrýnni hugsun
Hvetja nemendur til að taka ekki öllu sem gefnu
Líta inn á við á sína vinnu

Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluaðferðir

Aukið samstarf kennara þvert á námið
Jafningjamat
Fjölbreytt kennsluefni
Sýnikennsla með þátttöku nemenda
Sjálfskoðun kennara
Ræða við nemendur um hvað þeim finnst
Aukið samstarf við aðra kennara
Rannsaka kennsluaðferðir
Hvetja kennara
Umræðuhópar á meðal kennara um kennsluna
Óska eftir hugmyndum frá nemendum
Vera óhrædd við að breyta til og prófa nýja hluti
Faggreinafundir
Gagnabanki með mismunandi kennsluaðferðum
Endurgjöf á náms/kennsluáætlanir

Kennari notar kennsluaðferðir sem hvetja mig til sjálfstæðra vinnubragða

Aukin endurmenntun/símenntun kennara
Meira af hópverkefnum
Sjálfstæð verkefni
Byggja upp trú nemenda á sjálfan sig og eigin getu
Ekki mata nemendur
Gefa nemendum efni sem þeir ráða við
Taka hart á ritstuldi
Vinna markvisst að þessu alla önnina
Bera saman stöðu nemenda í upphafi og lok annar og ræða það við nemendur
Nota fjölbreyttar kennsluaðferðir
Opnari verkefnalýsingar – nemendur fá meira ráðið um það hvernig þeir vinni verkefni

Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga

Miðannarmat
Próa áfram miðannarmatið, aukið samræmi
Fleiri kannanir
Jafningjamat
Stöðug og regluleg endurgjöf
Hvetja nemendur til að nýta sér Innu sem leiðbeinandi mat
Nemendaviðtöl – Einstaklingsviðtöl, t.d. tengd miðannarmati

Kennarinn bendir mér á hvernig ég get bætt mig í áfanganum

Einstaklingsviðtöl
Hvetja nemendur til að veita og meta stöðu sína
Skrifa gagnlegar umsagnir um verkefni og hvetja nemendur til að lesa þær
Gefa nemendur tækifæri á að laga/bæta verkefni út frá athugasemdum
Markviss endurgjöf í gegnum verkefni og samtöl

Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum



Spyrja nemendur hvort þeim þyki eitthvað vanta, hvort einhverjum spurningum sé ósvarað, nota t.d. menti.com (nafnlaust). Ræða í tíma það sem kemur út úr því.
Samliggjandi tímar
Betra skipulag töflu
Fjölbreyttar kennsluaðferðir
Skerpa á ábyrgð nemenda á þeirra eigin námi


Nemendakönnun

Á vorönn 2018 voru lagðar fyrir þjónustukannanir fyrir alla nemendur FVA þar sem könnuð voru viðhorf nemenda til ýmissa þátta tengdum skólanum. Lagðar voru fyrir tvær kannanir fyrir sitt hvorn helming nemenda. Kannanirnar voru lagðar fyrir á vef Innu og voru svör nemenda órekjanleg. Í báðum könnunum var spurt um atriði tengd nemendafélagi skólans, kennslutíma á föstudögum og viðhorf nemenda til fyrirkomulags námsmatsdaga. Í könnun A var einnig spurt um bókasafn og mötuneyti skólans. Sú könnun var lögð fyrir 233 nemendur og fjöldi svara var 101, svarhlutfallið er þar af leiðandi 43,3%. Í könnun B var spurt um skrifstofu, stjórnendur og tölvukerfi skólans. Sú könnun var lögð fyrir 232 nemendur og fjöldi svara var 99, svarhlutfallið er þar af leiðandi 42,7%.

Nemendafélagið

Mikill meirihluti nemenda töldu nemendafélag skólans, NFFA, vera frekar eða mjög virkt en að það mætti þó gera betur með fleiri og fjölbreyttari viðburðum. Einnig var kannað hvernig væri best að ná til og koma skilaboðum til nemenda og flestir töldu Facebook (36%) og Snapchat (38%) vera heppilegustu miðlana.





Fyrirkomulag námsmatsdaga

Vegna breytinga á fyrirkomulagi námsmatsdaga sem voru gerðar haustið 2017 var ákveðið að spyrja nemendur út í viðhorf þeirra til þessara breytinga. Breytingarnar fólu í sér að vera ekki einungis með lokapróf í lok annar heldur samþætta fjölbreyttari námsmatsaðferðir með því að úthluta hverjum stök þriggja klukkustunda lotu einu sinni í viku í tvær vikur. Almenn ánægja virtist vera með þetta breytta fyrirkomulag á meðal nemenda en 76% nemenda líkaði það sæmilega, vel eða mjög vel. Helsta umkvörtunarefni nemenda varðandi þetta fyrirkomulag var takmarkaður tími til undirbúnings vegna lokaprófa.

Bókasafnið

Þegar spurt var um notkun nemenda á bókasafni skólans kom í ljós að aðeins 26% nemenda nýta sér bókasafnið einu sinni í viku eða oftar og tæpur fjórðungur nýtir sér það aldrei. Mikill meirihluti þeirra sem nýtir sér bókasafnið telur sig þó geta nýtt sér bókasafnið með engri eða takmarkaðri aðstoð starfsfólks. Nemendur voru einnig spurðir hvað þeir nota helst við heimildaleit og í ljós kom að flestir nýta sér Google (38%) eða bækur (27%) fremur en aðra kosti. Af þeim nemendum sem nýta sér þjónustu bókasafnsins sögðu 91% þeirra að viðmót starfsfólksins þar væri gott eða mjög gott.

Mötuneytið

Aðeins um 33% nemenda skólans borða hádegismat í mötuneyti skólans en 76% nemenda kaupa annan mat en hádegismat, þar af versla 46% nemenda við mötuneytið tvisvar eða oftar í viku. Mikill meirihluti nemenda segja þá þjónustu sem þeir fá í mötuneytinu vera góða eða mjög góða, samtals 81% og aðeins 1% segja hana slæma. Sambærilega sögu er að segja af viðmóti starfsfólks, 77% telja viðmótið gott eða mjög gott og aðeins 2% telja viðmótið vera slæmt eða mjög slæmt. Almenn ánægja virðist vera með matinn sem boðið er upp á, aðeins um 3% aðspurðra telja matinn vera slæman.

Skrifstofa og stjórnendur

Nánast allir þátttakendur höfðu á einhverjum tímapunkti leitað til skrifstofu skólans eða 97%. Þegar spurt var um þjónustu og viðmót starfsfólks á skrifstofunni voru nánast allir ánægðir með hvoru tveggja og enginn taldi þjónustuna eða viðmótið vera slæmt.

Þrír fjórðu nemenda höfðu leitað til stjórnenda á einhverjum tímapunkti á síðustu önn og sögðu 65% nemenda að auðvelt eða mjög auðvelt væri að ná sambandi við stjórnendur en 5% nemenda sögðu það erfitt eða mjög erfitt. Almenn ánægja var með viðmót stjórnenda en aðeins 3% töldu það slæmt eða mjög slæmt og 74% nemenda sögðu stjórnendur hafa brugðist vel eða mjög vel við erindum þeirra.

Tölvukostir og vefsíður

Spurt var um notkun nemenda á tölvukosti skólans og 74% nemenda nýta sér þann kost, en misjafnt er hversu mikið þeir nýta hann. Mikill meirihluti þeirra nemenda, eða um 85% sem nýta sér tölvukost skólans, segjast alltaf komast í tölvur þegar þeir þurfa á því að halda, en þrátt fyrir það telja nemendur að það þurfi fleiri tölvur (44%) og fleiri prentara (33%). Spurðir um umsjónarmann tölvukerfisins kom í ljós að aðeins lítill hluti nemenda hafði þurft á þjónustu umsjónarmannsins að halda en þeir sem það gerðu voru almennt ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu.

Þegar spurt var um heimasíðu skólans kom í ljós að langflestir hafa nýtt sér síðuna á einhverjum tímapunkti (89%) og 26% aðspurðra sögðust nota vefinn vikulega eða oftar. Almenn ánægja virðist vera með vef skólans en 94% nemenda telja hann í meðallagi, góðan eða mjög góðan. Einnig var notkun Innu könnuð ásamt viðhorfi þeirra til vefsins. 87% nemenda skrá sig inn á Innu daglega og 11% gera það oft í viku. 91% nemenda segja vef Innu vera góðan eða mjög góðan.

Mat á húsnæði skólans

Umsjónarmaður húsnæðis gerði mat á húsnæði og skólalóð í janúar 2017.

Viðbrögð við könnun frá síðasta ári

Búið er að mála bæði gólf og veggi í húsnæði málmiðnardeildar. Búið er að endurnýja tölvubúnað bæði tölvur fyrir nemendur og stjórnubúnað fyrir tölvukerfið. Húsgögn í D álmu skólans hafa verið endurnýjuð.

Úttekt á námsáætlunum og einkunnareglum

Á vorönn var gerð nákvæm úttekt á kennsluáætlunum allra áfanga. Þar var m.a. skoðað fjölbreytileiki bæði kennslu og námsmats þar sem kannanir meðal nemenda höfðu leitt í ljós óskir um fjölbreyttara námsmat og kennsluhætti, auk þess sem nemendur vildu hafa meiri áhrif á skipulag kennslu. Þessi úttekt var einnig notuð til að skipuleggja námsmatsdaga.

Skoðaðar voru 157 námsáætlanir, það sem skoðað var:

- er námsáætlun til staðar
- eru bækur skráðar í Innu
- er lýsing samkvæmt námskrá (á við áfanga sem eru í námskrárunni)
- er markmið áfanga samkvæmt námskrá
- er námsmat rétt í %
- hvernig skiptist námsmatið
- er lokapróf/símat/sleppikerfi
- er dreifing verkefna og eða hlutaprófa skráð
- hvernig eru námsmatsvikur skipulagðar
- er áætlaður tími sem nemandi ver í áfangann skráður og hver er hann
- er yfirferð námsefnis til staðar

26 námsáætlanir eða 16,5% voru með alla þessa þætti í lagi.

Skipting námsmats eftir áföngum:

- Lokapróf 22
- Símat 52
- Sleppikerfi 19
- U- hópar 24
- Starfsbraut 9
- Óljóst eða vantar 31

Í 22 áföngum voru námsbækur ekki skráðar í Innu og þar af leiðandi ekki á bókalista nemanda.

Í 29 áföngum eru lýsingar og markmið áfanga önnur en í námskrárunni.

Í 6 áföngum var námsmat ekki skráð í prósentum eða þær rangar (ná ekki 100%).

Í 43 áföngum dagskóla er tími ekki skráður.

Í 17 áföngum er yfirferð efnis ekki skráð.

Viðbrögð við niðurstöðum:

Deildarstjórar fengu yfirlit yfir niðurstöður sinna deilda. Þeir ræddu við viðkomandi kennara og báðu þá um að laga sínar námsáætlanir. Þeir sem óskuðu eftir aðstoð við lagfæringuna gátu leitað til aðstoðarskólameistara. Í starfsmannasamtölum var farið yfir niðurstöðuna með hverjum kennara fyrir sig.

Starfsmannasamtöl

Á vorönn 2018 var tekið upp nýtt form starfsmannasamtala. Í nýjum samtalsramma var farið yfir starfslýsingu starfsmanna, núverandi verkefni og stöðuna á þeim, verkefni framundan, starfsþróun og fræðslu, samstarf, samskipti og annað.

Á vorönninni var tekið samtal við alla kennara skólans og á haustönninni aðra starfsmenn skólans.

Þessi viðtöl verða hér eftir tekin á hverju ári.

Umbótaáðgerðir

1. Kennslukannanir

Í kennslukönnunum kom í ljós að undir 80% nemenda telja kennara ekki nota fjölbreyttar kennsluaðferðir, að kennari hvetji nemendur ekki til sjálfstæðra vinnubragða og að kennari hvetji nemendur ekki nægilega til að hugsa á gagnrýninn hátt. Búið er að vinna hópavinnu og umræður meðal kennara um hvernig bæta megi þessi atriði í kennslunni. Stefnt er að aukinni umræðu og fræðslu til kennara um þessi atriði og hefur einni kennslustund á viku verið bætt inn í stundaskrá til að auka faglegt samstarf og þróunarstarf innan skólans.

2. Nemendafélagið

Í viðhorfskönnun nemenda kom fram að þeir óskuðu eftir að nemendafélagið stæði fyrir fleiri og fjölbreyttari viðburðum, auk þess vantar nokkuð upp á virkni nemenda í viðburðum á vegum nemendafélagsins. Athygli vekur að ósk um fleiri viðburði og mæting nemenda á viðburði fer ekki saman. Þessar niðurstöður voru kynntar fyrir nemendum og hefur skólinn m.a. brugðist við með því að auka starfshlutfall félagslífsfulltrúa til að styðja nemendafélagið og komast að því af hverju þetta ósamræmi er. Nú eru tveir kennarar samtals í 20% stöðuhlutfalli félagslífsfulltrúa.

3. Tölvukostur

Í viðhorfskönnun nemenda koma fram að stór hluti nemenda, eða 74%, nota tölvukost skólans. Í ljósi þess hversu margir nýta sér tölvukost skólans var farið í endurnýjun á hluta búnaðarins sem var orðinn lélegur. Meðal annars var á vorönn 2018 komið upp nýrri tölvustofu fyrir nemendur rafiðnaðardeildar.

4. Námsáætlanir

Í úttekt á námsáætlun kom í ljós að stór hluti námsáætlana var ekki að uppfylla gæðaviðmið skólans. Á næsta skólaári er stefnt að frekari úttekt á námsáætlunum og eftirfylgni með þeim. Það kom í ljós að hluti kennara notar ekki einkunnareglur sem eru í boði í Innu, að hluta er skýringin sú að lagfæringar á þeim hafði tafist hjá Advania. Á haustönn 2018 var lagfæringum lokið og stefnt er að því að allir kennarar noti einkunnareglur í framtíðinni. Haldið verður námskeið fyrir kennara í upphafi vorannar 2019.